

Nd.

583. Breytingartillögur

við frv. til l. um breytingar á l. nr. 26 23. júní 1932, um Brunabótafélag Íslands.

Frá Garðari Þorsteinssyni.

1. Við 3. gr. Síðasta málsgr. orðist svo:
Ennfremur er félaginu heimilt að taka í eldsvoðaábyrgð hverskonar lausafé, nema verzlunarvörur, í sveitum utan kauptúna og kaupstaða.
2. Við 4. gr. Greinin falli niður. — Í stað hennar kemur ný 4. gr., svo hljóðandi:
 - a. Aftan við 6. gr. laganna komi nýr liður, svo hljóðandi:
 3. Tryggingarsjóður af iðgjöldum fyrir tryggingar í Reykjavík.
 - b. Orðin „tvo“, „tveir“ og „hvor“ í fyrstu málsgr. 6. gr. laganna breytast skv. þessu í „þrjá“, „þrír“ og „hver“.
3. Á eftir 4. gr. komi ný grein, er verður 5. gr., svo hljóðandi:
Fyrsta málsgr. 8. gr. laganna orðist þannig:
Allir þeir, sem vát tryggja í Brunabótafélagi Íslands samkv. 6. gr. 1., 2. og 3. tölul., eru félagsmenn þess.